

Ed.

55. Frumvarp til laga

[52. mál]

um breyting á lögum nr. 13 13. apríl 1973 um Happraætti Háskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi 1974.)

1. gr.

a-liður 1. gr. orðist svo:

Hlutatalan má ekki fara fram úr 60 000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H, en auk þess er heimilt að gefa út sérstakan flokk, B flokk, sem hafa skal fimmfalt gildi á við hvern hinna flokkanna, bæði að því er varðar endurnýjunariðgjald og fjárhæð vinninga.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni Háskólaráðs og fylgdi því svofelld greinargerð:

Markmiðið með frumvarpi þessu er að skapa möguleika á aukinni veltu og hagnaði Happraættis Háskóla Íslands á næstu árum, en á slíku er mikil nauðsyn vegna mikilla byggingaframkvæmda og tækjakaupa Háskóla Íslands og stóráukins kostnaðar vegna viðhalds húsa og búnaðar.

Frumvarpið felur í sér eina breytingu frá gildandi lögum, útgáfu sérstaks flokks hlutamiða — B-flokks — til viðbótar við þá fjóra flokka — E, F, G og H, sem nú eru gefnir út. Endurnýjunarverð miða í hinum nýja flokki yrði fimmfalt herra en í þeim flokkum, sem fyrir eru, og fjárhæð vinninga einnig fimmfalt herra.

Breyting, sem frumvarpið felur í sér, er líkleg til að auka veltu og hagnað happraættisins og gera framkvæmdir háskólans mögulegar án þess að verð miða verði hækkað í þeim flokkum, sem fyrir eru, E, F, G og H, en það er nú 300 kr. á mánuði og var hækkað um síðustu áramót. Öbreytt verð gömlu miðanna á næsta ári gerir mörgum viðskiptavinum happraættisins kleift að halda áfram þátttöku án aukins kostnaðar, en nýi flokkurinn gefur þeim, sem vilja auka þátttöku sína í happraættinu verulega, möguleika á því á einfaldan hátt.

Helstu framkvæmdir, sem hagnaður af rekstri Happraættis Háskóla Íslands rennur til á næstu árum, eru þessar: Sérhæfðar byggingar fyrir verkfræði- og raunvísindadeild, sem unnið er að í áföngum, byggingar almenns kennsluhúsnæðis, sem nú er orðinn mikill skortur á, og sérhæfðar byggingar fyrir læknadeild og tannlæknadeild, sem nú eru að hefjast á Landspítalalóð, en þær verða þó aðeins að hluta reistar fyrir happraættisfé.

Búnaður í háskólabyggingar og tæki til rannsóknastarfsemi og kennslu eru keypt fyrir happraættisfé, og enn fremur er frágangur og viðhald lóða og viðhald húsakosts háskólans greitt af hagnaði happraættisins.

Í greinargerð með fjárlagatillögum stjórnar Happraættis Háskóla Íslands er skýrt frá því, að tekjuáætlunin sé reist á þeirri forsendu, að viðbótarflokkur sá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, fáiast lögfestur á þessu hausti, og drög að framkvæmdaáætlun Háskóla Íslands eru einnig byggð á sömu forsendu.